

Kvenfrelsun og vísindi vífanna

Það er væntanlega alkunna, að konur séu kúgaðar af körlum, allavega kvenfrelsararnir, að eigin sögn. Þá dreymir um gerræðissamfélag kvennanna, þar sem yfirburðastofninn ræður ríkjum. Öldum saman hafa konur haldið á lofti eðlislægum yfirburðum sínum. Karlvísindin eru kúgunartól og því er nýrrar tegundar vísinda þörf. Vísindaleg nálgun karlanna víkur fyrir yfirburðavísindum kvenna.

Það er kominn tími til að rassskella enska heimspekinginn og kvenfrelsarann, John Stuart Mill (1806-1873). „Í heimspeki, í vísindum, í íþróttaverkum hafa engin frábær snilldarverk legið eftir konur.“ (Þýðing Sigurðar Jónssonar frá árinu 1900).

Annar dáður kvenfrelsunarspekingur hefur efasemdir um framtakið. Átrúnargoð kvenfrelsaranna, franskur heimspekingurinn, Simone de Beauvoir (1908-1986), virðist full efasemda: „Konur skortir yfirsýn eins og sjá má, þegar þær vísa á bug lögmálum rökvisi og siðboðum og lýsa vantrú á lögmálum náttúrunnar. Heimurinn virðist konunni ruglingslegt safn einstakra atburða. Þess vegna tekur hún meira mark á slúðri nágrannans fremur en vísindalegri skýringu.“

Daphne Patai (f. 1943) og Noetta Koertge (f. 1935) halda því jafnvel fram, að þau einkenni, sem Simone lýsir, séu hæfileikar, sem sóst er eftir í kvenfrelsunarfræðunum: „Þeir, sem stunda kvenfrelsunarrannsóknir, skulu sýna hugmyndafræðilegra aðgerðaskrá hollustu sína, fremur en sýna hæfni til rannsókna og rökhyggju.“

En ótrauður mælir yfirburðakvenfrelsunarfræðingurinn, Elizabeth Gould Davis (1910-1974). „Í nýjum vísindum tuttugustu og fyrstu aldarinnar verður kraftur andans allráðandi á kostnað hins efnislega. Eftirspurn eftir efnislegum hæfileikum mun réna, en aukast eftir hæfileikum til huga og anda. Skynvit mun víkja fyrir yfirskilviti. Konan mun aftur sýna yfirburði á þessu sviði. Hún, sem einu sinni var dáð og dýrkuð af hinum fyrsta karli fyrir hæfileikann til að rýna í hið óræða, mun aftur verða þungamiðjan – ekki sem kynvera, heldur sem gyðja. Í hinni nýju menningu verður hún miðdepillinn.“ Elísabet er spámannlega vaxin. Það hillir undir, að spádómur Elísabetar rætist, að kvenfrelsararnir geri Simone og Jóni skömm til. Kvennafræði eða kvenfrelsunarfræði (e. woman studies) skal afkvæmið heita.

Florence Rosenfeld Howe (f. 1929) var meðal frumkvöðla að stofnun kvenfrelsunarfræða við æðri menntastofnanir á Vesturlöndum. Í ritgerð sinni: „Kvenfrelsunarfræðimennska: Framhald byltingarinnar“ (Feminist Scholarship: The Extent of the Revolution), segir hún fullum fetum: „Kvenfrelsun og kvennafræði ... eru samheiti fyrir mér.“ Í skýrslu hennar til Menntamálaráðuneytisins Bandaríkja Norður-Ameríku ítrekar hún, að „nauðsyn beri til, að kennarar séu ekki einungis vel að sér á eigin fræðavettvangi, heldur einnig í kvenfrelsunarfræðum [kvenfrelsunargreiningu].“

Það er svo sannarleg þörf á, því vísindi fremja karlmenn í anda kyneðlis síns, nauðgunareðlis og reðurhugsunar. Þeir iðka nauðgunarvísindi. Fáir kvenfrelsunarfræðimenn hafa betur lýst nauðgunareðli karla gagnvart vífi og veröld, heldur en Catharine McKinnon (f. 1946): „Kynferðisleg áreitni merkir í sjálfu sér ekki að karla fýsi alla að serða okkur bókstaflega, þeir vilja einungis meiða okkur, kúga okkur, og hafa á okkur taumhald, en það er í eðli sínu serðing.“ „Að mínum dómi er ævinlega um nauðgun að ræða, eigi kona kynlíf og þyki sér misboðið. [S]amfarir gagnkynhneigðra er nauðgun, þar eð konur almennt hafa ekki nægan styrk til að gefa merkingarbært samþykki [til þess arna].“

Catherine útfærir kenninguna um heftan þroska karlmanna og eitraða karlmennsku þeirra nánar með tilliti til vitþroska og vísinda: „Skortur á sjónarhorni (aperspectivity) er afhjúpaður sem drottunarkænska af hálfu karlforustunnar. ... Óhlutdrægni er hin þekkingarfræðilega afstaða karlanna, sem samræmist þeirri veröld, er þeir skapa. ... Huga karlmannsins teljum við í reðurlíki Það er að renna upp fyrir kvenfrelsurum, að vita hafi merkt að serða.“ Og karlar serða veröldina svo sannarlega.

Kvenfrelsunarfræðimenn gera nú skiljanlega gangskör að nýjum vísindum. „Rannsóknir í kvenfrelsunarfræðum urðu ... til við vísindaleg gagnrýni, sem ættuð er úr heimspeki, sagnfræði og félagsfræði, með tilliti til valds drottunar og viðmiðunarforræðis, sem fyrirkomulag þekkingaröflunar.“ ... Þessum fræðum er beitt „við það að brjóta vísindin til mergjar frá sjónarhóli lífs kvenna og jaðarstöðu þeirra í því skyni að birta „öðruvísi mynd“ þeirri, sem „gengið er út frá“ sem vísindum. Þar þarf að gefa kyni sérstakan gaum. Við tökum til greina, að kyn sé þáttur (category) stjórnmálalegrar greiningar og [sjáum í hendi okkar] að það þurfi frekari greiningar við. Það felur í sér viðameiri aðgerð, heldur en að frelsa „konur“ frá kynferðislegri tvískautun.“ ... Einnig koma í brennidepil „viðhorf til þekkingar og tilvist og eðli aðferðarinnar og meginefnis kenningar þeirra [vísindanna],“ fræða Gita Cahda og Asha Achuthan okkur um. Og í hverju ætli fyrrnefnd vísindalega gagnrýni felist. Skoðum nokkur dæmi.

Í ritgerð sinni: „Áleiðis til aðferðafræði kvenfrelsunarrannsókna,“ (Towards a Methodology for Feminist Research), segir Renate Klein (f. 1945): „Í stað þeirrar fullyrðingar, að rannsóknir séu óháðar gildum, hagsmunum og hlutdrægni, gagnvart viðfanginu, þarf að koma meðvituð hlutdrægni. ... Óhlutdræg og íhugandi „þekking rannsakandans“ veður að víkja fyrir aðgerðum, hreyfingum og baráttu fyrir frelsun kvenna.“

Barbara du Bois, segir í ritgerðinni „Tilfinningaþrungin fræðimennska“ (Passionate Scholarship): „Í hefðbundnum vísindum er brugðist við samkvæmt samhljóma skilningi á veruleikanum. Gengið er að slíkum skilningi sem gefnum, raunverulegum, innan seilingar hugans. Hver sem er getur borið kennsl á hann utanfrá, hlutlægt og hlutlaust. Kvenfrelsarar vísa á bug skilningi feðraveldisins á veruleikanum.“

Elizabeth Fee (1946-2018), segir í ritgerðinni „Eðli konunnar og vísindaleg hlutlægni“ (Women's Nature and Scientific Objectivity), að vísindaleg frjálslyndishugsun grundvallist á „röðum kynfólkskulegra tvígreininga (sexist dichotomies).“ Hún segir ítrekar: „Við ætlum, að eiginleikar vísinda séu eiginleikar karla; ... kaldir, hörkulegir, ópersónulegir, „hlutlægir. ... Ef við samsinum róttækum kvenfrelsurum, verður að umhverfa vísindunum. Það nægir ekki að leyfa samþykki kvenna, heldur er það miklu mun mikilvægara að stofna til nýrra tengsla milli mannveru og eðlisheimsins [heldur en] gilda í núverandi tilbrigðum þekkingar.“

Ruth Harriet Bleier (1923-1988) segir í bók sinni, „Vísindi og kynferði“ (Science and Gender): „[S]annleikur, raunveruleiki og óhlutdrægni, [eru] að okkar dómi vandræðahugtök; við greinum karlskaðan sannleika og veruleika, karlleg sjónarmið, karlskilgreinda óhlutdrægni.“

Í ritgerðinni, „Kvenfrelsun og vísindi“ (Feminism and Science), gerir Evelyn Fox Keller (f. 1936) sér í hugarlund, að konur hefðu aldrei látið sér til hugar koma eina einustu hugmynd, sem tengist „drottun“ eins og „yfirstjórnarsameind“ í erfðafræðunum. Hér sést með öðrum orðum greinilega, hvernig yfirstjórnarhugsun karlanna myndbirtist í vísindum.

Elizabeth Minnich staðhæfir í greininni, „Skaðvænleg hugtakaskekkja. Er unnt að komast hjá því að vera kvenfrelsunarfræðimenn?“ (A Devasting Conceptual Error: How Can We Not Be Feminist Scholars); „Konur hafa einungis verið rannsakaðar af sjónarhóli karla, sem gengu út frá því sem vísu, að þeir væru heildin, allt, sem væri, mannverur. Engu rými var ráðstafað fyrir annars konar mannverur, ólíkar þeim sjálfum.“

Leggja þarf grundvöllinn að nýrri þekkingarfræði. Kvenfrelsunarþekkingarfræðin lýsir viðleiti til að leita „sérstakra leiða fyrir konur til að skapa þekkingu og öðlast skilning á veröldinni, „ segir enski afbrotufræðingurinn, Frances Mary Heidensohn (f. 1942).

Í flunkunýrri uppfærslu á grein sinni í Stanford alfræðiorðabókinni um heimspeki (Encyclopaedia of Philosophy) „Kvenfrelsunarþekkingarfræði og vísindaheimspeki, (Feminist Epistemology and Philosophy of Science), segir Elizabeth Secor Anderson (f. 1959): „Kvenfrelsunarþekkingarfræði og kvenfrelsunarvísindaheimspeki snýst um það, hvernig kynferði hefur og ætti að hafa áhrif á skilning okkar á þekkingu, handhafa hennar, þekkingarleit og réttlætingu, ... “ og sýnir fram á með hvaða hætti hlutur „kvenna og annarra undirgefina hópa er fyrir borð borinn og leitast [jafnframt] við að ráða bót á.“

Ráða þarf bót á útskúfun kvenna í vísindaheimi karlanna og lagfæra þar eitt og annað. Reynslu kvenna verður að setja í brennidepil. Norður-ameríski rithöfundurinn, Rebecca Solnit (f. 1961) er talsmaður kúgaðra kynsystra um víða veröld: „Það hljóta að vera milljarðar kvenna um víða veröld sex milljarða íbúa, sem leggja hlustir við þeim boðskapi, að eigin lífsskilningur þeirra sé marklaus, að þær búi ekki yfir sannleikanum nú – og hafi aldrei gerð.“

Þorgerður H. Þorvaldsdóttir leitar sannleikans í sagnfræðinni. Hún segir: „Að lokum eru svo hugleiðingar um nauðsyn þess að rétta af karlaslagsíðuna [í söguritun] og endurmeta framlag kvenna til Íslandssögunnar. Ávinningurinn af því væri að æska landsins, einkum og sér í lagi þó ungar stúlkur, fengju heilsteyptari og jákvæðari mynd af formæðrum sínum og öðluðust þar með sannari fortíðarsýn.“

Þorgerður leggur enn orð í belg: „[Ég] vek athygli á því að ekki ein einasta kennslubók í Íslandssögu er skrifuð af konu. Karlmennt hafa algerlega einokað þennan markað og þar með réttinn til að skilgreina hvað í fortíðinni sé þess virði að nota til að uppfærða komandi kynslóðir. Þetta hlýtur að vera nokkurt áhyggjuefni því karlmennskan er ekki eins og hver önnur flík sem fræðingurinn getur losað sig við áður en hann byrjar að vinna heldur fylgir hún fræðimanninum eftir í verkum hans og mótar þær spurningar sem hann kysir að leita svara við í fortíðinni.“

Þorgerður heldur áfram. „Eftir tilkomu Stígamóta og umræðunnar um sífjaspell er ómögulegt að lesa frásögnina án þess að sjá misnotkun föður á 13 ára dóttur.“ Og hún bætir við: “Ef sagnfræðin ætlar sér að fjalla um þau viðfangsefni sem brýnt er að fást við í samtímanum, og í þann flokk hljótum við að setja kynferðisafbrot gegn konum og börnum, getur Hvassafellsmálið varpað ágætu ljósi á það hvernig litið var á konur sem réttláusar kynverur þar sem enginn munur er gerðar á fórnarlambi og geranda eins og sést á því að Randíður, sem einungis er 13 ára barn, er álitin jafnsek og Bjarni faðir hennar.“ Stígamótaspekin og ársskýrsluvísindi samtakanna eru sum sé orðinn að túlkunarlögmáli hjá kvenfrelsunarfræðingum við Háskóla Íslands.

En Þorgerður ætlar að hrista af sér kvenfrelsunarbölmóðinn. Það er gott. „Kvennasaga má þó ekki einblína á bágan hlut kvenna, kúgun og misrétti. Við verðum að þora að nefna kúgun

sínu rétta nafni og viðurkenna hana sem hluta af sögunni, en þar má ekki láta staðar numið. Konur verða að komast af “aumingjastiginu.” Saga kvenna er meira en saga þolenda og við eigum ekki að þurfa að hugsa “grey þær” í hvert skipti sem við lesum um ömmur okkar eða langömmur.”

Kvenfrelsunarrannsóknir á svið alþjóðastjórn mála verður að grundvalla á reynslu kvenna, segir, Judith Ann Tickner (f. 1937): „Meginþættir kvenfrelsunargreiningar eru spurningar kvenfrelsunarlegs eðlis og að grundvalla þekkingu á lífi kvenna.“ ... Kvenfrelsunarrannsóknir í alþjóðatengslum ætti ekki að grundvalla á dæmigerðum karlforsendum, þ.e. að skoða fyrirbæri að ofan og niður (top-down) heldur að neðan og upp (bottom-up), svo að þáttur kvenna í alþjóðatengslum megi verði sýnilegur. Því væri það, að venjulegar vísindaaðferðir, þ.e. að setja fram prófhæfa, vísindalega kenningu, væru til þess fallnar að myrkva þátt kynjastjórn mála við öflun þekkingar. Aðferð karlanna hentaði fyrst og fremst til þess að skoða vettvang karla, þar með taldar peningar og stríð.

Kvenfrelsunarvísindin skulu gegna stjórn málalegum tilgangi. Kvenfrelsunarvísindamenn þurfa stöðugt að vera á varðbergi gagnvar karlillskunni og berjast fyrir frelsun konunnar. „Hlutverk bæði vísindamanns og kvenfrelsara gefur tilefni til tvöfaldrar sigursældar. Vísindin eru vopn til að berjast fyrir markmiðum kvenfrelsunar, meðan kvenfrelsun beinir athyglinni að hugsanlegri misnotkun þessara vopna. ... eins og t.d. að vísa á bug fullyrðingum talsmanna taugafáfræða, sem leggja undir sig og brensla myndrannsóknir til að styrkja staðlaðar kynímyndir. ... vísindamenn ættu að vera á varðbergi ... gagnvart stöðugum, lágværum bumbuhljómi eðli-er-örlög-hreyfingarinnar,“ segir enski taugalífeðlissálfræðingurinn, Georgina Rippon.

Björg Árnadóttir setur fram svipaðar hugleiðingar: „Nú kalla ég mig stolt femínista og skil nú markmið og aðferðir félagsvísinda. ... Femínismi er ein leið til að verjast valdbeitingu. ... Ástæða þess að ég er nú stoltur femínisti er sú að ég sé ekki femínisma lengur sem þrönga jafnréttisbaráttu kynjanna. Femínismi er miklu meira. Undir merkjum femínisma finnst mér ég geta barist gegn hvers kyns óréttlæti. ... Og femínismi hefur í hugum margra kvenna og karla orðið safnheiti margs konar réttindabaráttu.“

Kvenkyns fræðimenn standa í þakkarskuld við kvenfrelsaranna, segir sagnfræðingurinn, Ellen DuBois (f. 1947): „Við, kvensagnfræðingar, erum í þakkarskuld við kvenfrelsarana með tilliti til atvinnu og hæfileikans til að ástunda fræðimennsku. Okkur ber skylda til að vera trúar kvenfrelsunaruppruna okkar, að minnsta kosti sjá til þess, að fræðimennska okkar sé ekki notuð til að andmæla kvenfrelsun.“

Vitlausir karlar vísindanna lenda nú í vandræðum. En Valerie Solanas (1936-1988) skýtur að okkur lausn: „Hefðu karlar vit til að bera, myndu þeir leita leiða til að verða eiginlegar konur. Þeir myndu fjárfesta í líffræðilegum rannsóknnum, sem leiða kynnu til aðferða til breytinga á heila og miðtaugakerfi, svo þeir mættu í anda og líkama umhverfast í konur.“

En svo má líka hugsa sér, að konur haldi áfram að frjóvga „karlvísindin“ og fylki líði um sannleikskröfuna í anda elsta vísindamanns Íslendinga, Ara fróða Þorgilssonar: „En hvatki es missagt í fræðum þessum, þá es skylt að hafa þat heldr, es sannara reynisk.“

Ónafngreindar þýðingar eru höfundar.

